

maður kærða Jónasar Þorbergssonar, Lárus Jóhannesson, skilaði ekki vörn í málinu fyrr en 14. þ. m., og hefur hann í vörninni gert grein fyrir ástæðum til þess. Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð :

Kærðu, Jónas Þorbergsson og Jón Alexandersson, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra talsmanna kærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250.00 kr. til hvors.

Miðvikudaginn 21. júní 1950.

Kærumálið nr. 6/1950.

**G. Kristjánsson & Co. h/f**

gegn

**Einari Einarssyni**

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson**  
**í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Hrundið beiðni um skriflegan flutning máls.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 24. maí þ. á., hingað kominni 5. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðinn 23. maí þ. á., þar sem varnaraðilja var leyfður skriflegur flutningur máls milli aðilja fyrir sjó- og verzlunardóminum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Ofangreint mál aðilja fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur höfðaði sóknaraðili á hendur varnaraðilja með stefnu 21. febrúar 1948, og var málið þingfest í héraði 6. marz s. á. Hinn 8. maí 1948 ákvað héraðsdómurinn, að málið skyldi munnlega flutt. Eftir það fengu aðiljar sameiginlega fresti til

gagnasöfnunar til 22. janúar 1949, en þá töldu þeir gagnaöflun lokið. Hinn 8. marz 1949 var málið tekið fyrir af nýju og aðiljum þá og síðar veittir frestir í því til gagnaöflunar. Varnaraðili gagnstefndi í málinu með stefnu 19. apríl 1949, þingfestri 23. s. m. Eftir það fékk sóknaraðili frest til 1. okt. 1949, en þá var þingfest framhaldsstefna í aðalsök, útgefin 27. sept. s. á. Eftir það voru aðiljum enn veittir frestir til 12. nóvember 1949, en þá lýstu þeir yfir því, að gagnasöfnun væri lokið. Hafði sóknaraðili þá lagt fram þrjár greinargerðir í málinu, en varnaraðili tvær.

Af hálfu varnaraðilja hafði Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður flutt málið. Hinn 24. apríl þ. á. ritaði hann varnaraðilja bréf, þar sem hann lýsir því, að varnaraðili hafi ekki, þrátt fyrir marggefin loforð, komið til viðtals við sig um málið og hafi á engan hátt gert nokkuð til að afla gagna í málinu eða veita honum skýrslur um það. Kveðst hæstaréttarlögmaðurinn því ekki flytja mál þetta lengur fyrir varnaraðilja.

Hinn 19. maí þ. á. skyldi flytja málið munnlega fyrir sjó- og verzlunardóminum. Sótti varnaraðili þá sjálfur þing og óskaði þess, að málið yrði skriflega flutt. Sóknaraðili andmælti skriflegum flutningi, og gekk síðan í málinu úrskurður sá, sem nú hefur verið kærður.

Með tilvísun til þeirrar meðferðar, sem málið hafði þegar hlotið fyrir sjó- og verzlunardóminum, þykir varnaraðili ekki eiga rétt til þess að tefja málið lengur með því að hefja nú skriflegan málflutning. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 200.00.

#### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Einar Einarsson, greiði sóknaraðilja, G. Kristjánssyni & Co. h/f, kærumálskostnað, kr. 200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. maí 1950.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. þ. m., hefur G. Kristjánsson & Co. h/f, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 23. febr. 1948 gegn Einari Einarssyni útgerðarmanni, Grenimel 27, hér í bænum, til greiðslu skuldar samkvæmt reikningi, að fjárhæð kr. 11903.85 auk 6% ársvaxta frá 31. des. 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með framhaldsstefnu, dags. 27. sept. f. á., hækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 2715.63, eða upp í kr. 14618.48, og krafðist 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 31. des. 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu í aðal- og framhaldssök.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda í aðal- og framhaldssök og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Þá hefur stefndi með stefnu útgefinni 20. apríl f. á. gagnstefnt stefnanda til greiðslu á kr. 21734 90 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. des. 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar í henni að skaðlausu.

Af hálfu gagnstefnanda hefur hæstaréttarlögmaður látið sækja þing í máli þessu þar til það var tekið til munnlegs flutnings 19. þ. m. Sótti gagnstefnandi þá sjálfur þing og tilkynnti, að hann ætlaði sjálfur að flytja málið. Óskaði hann þess, að málið yrði flutt skriflega, þar sem það væri allflókið og hann ólöglærður.

Umboðsmaður aðalstefnanda mótmælti því, að málið yrði skriflega flutt, og var málið eftir kröfu hans tekið til úrskurðar um þetta atriði.

Þar sem gagnstefnandi, sem er ólöglærður maður, hefur lýst yfir því, að hann ætlaði að flytja mál þetta sjálfur, málið er viðamikið og virðist vera allflókið, þykir með skírskotun til 2. tölul. 2. málsg. 109. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að leyfa skriflegan flutning málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna ásamt meðdómsmönnum, dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal skriflega flutt.